

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/57****2021/EES/74/14**

frá 25. janúar 2021

**um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi í skotfærum í eða umhverfis votlendi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 68. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta. Færsla 63 í þeim viðauka inniheldur takmarkanir að því er varðar blý (Cas-nr. 7439-92-1, EB -nr. 231-100-4) og blýsambönd.
- 2) Sambandið og 23 aðildarríki eru aðilar að samningnum um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafarugla (e. *Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds*) <sup>(2)</sup> (AEWA). Samningsaðilum er skylt, samkvæmt lið 4.1.4 í aðgerðaáætluninni sem fylgir með í viðauka við samninginn um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafarugla, að leitast við að hverfa í áföngum frá notkun blýskota við veiðar í votlendi eins fljótt og unnt er í samræmi við eigin og birtar tímaáætlanir.
- 3) Með 2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB <sup>(3)</sup> er gerð sú krafa að aðildarríkin gefi sérstakan gaum að vernd votlendis, einkum votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi, þegar gerðar eru verndarráðstafanir með tilliti til fartegunda sem koma reglulega.
- 4) Hinn 3. desember 2015 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, tæki saman málsskjöl með það fyrir augum að rýmka takmörkunina varðandi blý og blýsambönd í XVII. viðauka við þá reglugerð í því skyni að hafa stjórn á þeirri áhættu fyrir umhverfið og heilbrigði manna sem stafar af notkun blýs eða blýsambanda í skotfæri sem eru notuð við skotveiðar í votlendi (hér á eftir nefnd málsskjölin skv. XV. viðauka). Jafnframt óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Efnastofnunin hæfi öflun upplýsinga um aðra notkun skotfæra úr blýi, þ.m.t. veiðar á öðrum landsvæðum en í votlendi og íþróttaskotfimi, og um notkun blýsakka við fiskveiðar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 24, 26.1.2021, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) [https://www.unep-aewa.org/sites/default/files/basic\\_page\\_documents/agreement\\_text\\_english\\_final.pdf](https://www.unep-aewa.org/sites/default/files/basic_page_documents/agreement_text_english_final.pdf)

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtið. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

- 5) Hinn 21. júní 2017 birti Efnastofnunin málskjölin skv. XV. Viðauka (4) þar sem lögð er til innleiðing takmörkunar varðandi notkun blýs og blýsambanda í skotfæri til skotveiða með haglabyssu innan votlendis eða þar sem notuð skotfæri myndu lenda innan votlendis. Efnastofnunin lagði einnig til innleiðingu takmörkunar varðandi vörslu á skotfærum, sem innihalda blý í styrk sem er jafn eða meiri en 1% (hér á eftir nefnd skotfæri úr blýi), í votlendi til að auka framfylgjanleika tillagðrar takmörkunar á notkun blýs í skotfæri til skotveiða. Efnastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun blýs í skotfæri í votlendi leiði til áhættu fyrir vatnafugla sem láta ofan í sig notuð skotfæri úr blýi sem leiðir til eiturefnafræðilega áhrifa, þ.m.t. dauði.
- 6) Áætlað er að u.þ.b. milljón vatnafuglar drepist af völdum blýeitrunar í Sambandinu á hverju ári. Notkun blýs í skotfæri leiðir einnig til áhættu fyrir tegundir sem éta fugla sem eru mengaðir af skotfærum úr blýi og áhættu fyrir menn við neyslu á vatnafuglum, sem hafa verið skotnir með skotfærum úr blýi, þó að Efnastofnunin hafi einungis lagt eigindlegt mat á síðari áhættuna. Váhrif á menn af völdum blýs eru tengd við taugaþroskunarfræðileg áhrif, skerta nýrnastarfsemi og frjósemi, háþrýsting, neikvæð áhrif á meðgöngu og dauða.
- 7) Efnastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að blýlausir staðgöngukostir fyrir skotfæri, s.s. skotfæri úr stáli og bismút, séu víða fánlegir, tæknilega mögulegir og með betri hættu- og áhættulýsingar fyrir heilbrigði manna og umhverfið en skotfæri úr blýi. Enn fremur eru skotfæri úr stáli, sem eru líklegasti staðgöngukosturinn til að verða notaður, fánleg á sambærilegu verði og skotfæri úr blýi.
- 8) Ákvæði sem banna eða takmarka notkun blýs í skotfæri í votlendi eru fyrir hendi í flestum aðildarríkjum en misræmi milli þeirra leiðir til þess að misjafnlega mikið er dregið úr áhættu. Þar að auki liggja farleiðir farfugla yfirleitt yfir nokkur aðildarríki og því gætu fuglar látið ofan í sig notuð skotfæri úr blýi í aðildarríkjum þar sem engar eða takmarkaðri ráðstafanir eru fyrir hendi. Í málskjölnum skv. XV. viðauka var sýnt fram á að þörf væri á aðgerðum á vettvangi Sambandsins til að bregðast við áhættum, sem stafa af notkun blýs í skotfærum í votlendi, á samræmdan hátt. Samræming löggjafar ætti þó að byggjast á öflugu verndarstigi. Niðurstaða samræmingar ætti því ekki að verða til þess að þvinga aðildarríki, sem eru með strangari landsákvæði um blý í skotfærum, til að hverfa frá þessum ákvæðum þar eð slíkt hefði í för með sér skerðingu á vernd fyrir umhverfi og heilbrigði í þessum aðildarríkjum.
- 9) Efnastofnunin lagði til þriggja ára tímabil til að innleiða takmörkunina.
- 10) Hinn 9. mars 2018 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit skv. 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar málskjölin skv. XV. viðauka. Í því álitu var áhættumatsnefndin sammála niðurstöðum Efnastofnunarinnar um að ef vatnafuglar láta ofan í sig notuð skotfæri úr blýi hafi það eiturefnafræðileg áhrif, þ.m.t. dauði. Að því er varðar heilbrigði manna komst áhættumatsnefndin að þeirri niðurstöðu að blý sé mjög eittrað og að engin viðmiðunarmörk hafi verið fastsett, hvorki fyrir taugaþroskunarfræðileg áhrif hjá börnum né fyrir háþrýsting eða áhrif á nýru hjá fullorðnum, þannig að öll váhrif af völdum blýs hafi áhættu í för með sér. Áhættumatsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að tillagða takmörkunin sé viðeigandi ráðstöfun á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum.
- 11) Áhættumatsnefndin studdi eindregið styttra tímabil en þau þrjú ár sem Efnastofnunin lagði til. Rökin voru þau að fyrir hvert ár sem tafir yrðu á ráðstöfuninni yrðu u.þ.b. 4 000 tonn af blýi í viðbót losuð í votlendissvæði sem myndi leiða til dauða u.þ.b. milljón fugla.
- 12) Hinn 14. júní 2018 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit skv. 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að tillagða takmörkunin sé viðeigandi ráðstöfun á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum, að teknu tilliti til þess að félagshagfræðilegur ávinningur af ráðstöfuninni yrði í réttu hlutfalli við félagshagfræðilegan kostnað. Auk þess komst nefndin um félagshagfræðilega greiningu að þeirri niðurstöðu að kostnaður við tillögðu takmörkunina legðist aðallega á veiðimenn og að kostnaðaraukningin fyrir veiðimenn væri sanngjörn.

(4) <https://echa.europa.eu/documents/10162/6ef877d5-94b7-a8f8-1c49-8c07c894fff7>

- 13) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu taldi að styttra tímabil en þau þrjú ár sem lögð eru til í málsskjölunum skv. XV. viðauka gæti orðið áskorun með tilliti til framkvæmdar fyrir þau aðildarríki sem eru sem stendur ekki með neitt bann eða einungis takmarkað bann á notkun skotfæra úr blýi í votlendi; þó viðurkenndi nefndin um félagshagfræðilega greiningu einnig að styttra umbreytingartímabil gæti verið gerlegt með hliðsjón af því að blýlaus skotfæri eru nú þegar fáanleg á markaði og að styttra tímabil hefði einungis minni háttar áhrif að því er varðar aukinn kostnað af því að skipta byssum út fyrir.
- 14) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð í samræmi við h-lið 4. mgr. 77. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og var tekið tillit til ráðlegginga þess.
- 15) Hinn 17. ágúst 2018 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu <sup>(5)</sup> fyrir framkvæmdastjórnina.
- 16) Að teknu tilliti til málsskjalanna skv. XV. viðauka, álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, félagshagfræðilegra áhrifa og tiltækileika staðgöngukosta telur framkvæmdastjórnin að fyrir hendi sé óviðunandi áhætta fyrir umhverfið og hugsanleg áhætta fyrir heilbrigði manna, sem stafar af því að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni í eða umhverfis votlendi, sem þarf að bregðast við á vettvangi Sambandsins. Því er rétt að innleiða takmörkun á því að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni í eða umhverfis votlendi.
- 17) Í ljósi þess hve erfitt það er fyrir eftirlitsyfirvöld að standa veiðimenn að verki í raun við að skjóta skotfærum úr skotvopni ætti takmörkunin einnig að ná yfir það að hafa meðferðis skotfæri úr blýi við skotveiðar. Þetta mun gera það kleift að framfylgja mun betur takmörkuninni á því að skjóta skotum úr skotvopni og mun þar af leiðandi tryggja skilvirkni takmörkunarinnar að því er varðar að bregðast við áhættum sem greindust fyrir umhverfið og heilbrigði manna. Takmörkunin ætti ekki að tengjast réttindum til eignarhalds. Því ætti að nota hugtakið „meðferðis“ í staðinn fyrir „varsla“ sem er hugtakið sem Efnastofnunin lagði til.
- 18) Takmörkun á því að hafa meðferðis skotfæri úr blýi ætti þó að gilda sérstaklega um það að hafa þau meðferðis við skotveiðar en ekki um að hafa þau meðferðis í öðru samhengi, t.d. þegar skotfæri eru flutt yfir votlendi til afhendingar annars staðar. Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að takmörkunin á því að hafa skotfæri meðferðis ætti að tengjast beint sérstakri tegund skotveiða innan gildissviðs takmörkunarinnar (skotveiðar í eða umhverfis votlendi). Þetta er í ljósi þess að í athugasemdum, sem lagðar voru fram meðan á samráði við almenning um málsskjölin skv. XV. viðauka stóð, kom fram að í sumum aðildarríkjum sé mjög líklegt að veiðimenn sem stunda annars konar skotveiðar gangi um mismunandi landsvæði, votlendi sem og önnur landsvæði, á dæmigerðum degi skotveiða. Framkvæmdastjórnin telur einnig að til þess að auðvelda framfylgd ætti takmörkunin á því að hafa meðferðis skotfæri ekki einungis að ná yfir það að hafa þau meðferðis meðan á skotveiðum í votlendi stendur heldur einnig yfir það að hafa þau meðferðis á leiðinni til eða frá skotveiðum í votlendi, með öðrum orðum þegar um er að ræða nán tengsl við sjálfar skotveiðarnar. Þetta nær t.d. yfir það að hafa skotfæri meðferðis þegar haldið er í eða komið er heim frá skotveiðum daglangt í votlendi eða þegar einstaklingur, sem aðstoðar veiðimenn í veiðiferð, er með skotfæri meðferðis.
- 19) Í ljósi erfiðleika í framkvæmd við að sanna að einstaklingur, sem reynist hafa meðferðis skotfæri úr blýi, ætli sér að stunda tiltekna tegund skotveiða er rétt að fastsetja þá lagalegu forsendu að ef einhver, sem er í eða umhverfis votlendi, reynist hafa meðferðis skotfæri úr blýi meðan hann eða hún er á skotveiðum, eða á leiðinni til eða frá skotveiðum, sé gengið út frá því að viðkomandi hafi haft þessi skotfæri meðferðis við skotveiðar í votlendi eða á leiðinni til eða frá skotveiðum í votlendi. Með öðrum orðum hvílir sú sönnunarbyrði á viðkomandi einstaklingi að sýna fram á að hann eða hún hafi í raun ætlað að fara til skotveiða annars staðar og hafi aðeins farið í gegnum votlendissvæðið á leiðinni til skotveiða annars staðar.
- 20) Að því er varðar landfræðilegt gildissvið lagði Efnastofnunin til að takmörkunin á því að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni ætti ekki eingöngu að gilda í votlendi heldur einnig á svæðum þar sem „notuð skotfæri myndu lenda innan votlendis“. Framkvæmdastjórnin tekur fram að nokkur stuðningur fékkst frá áhættumatsnefndinni fyrir því að skilgreina megindlega fast varðbælti umhverfis votlendi í stað þess að treysta á prófun sem byggist á því hvar notuð skotfæri myndu lenda. Framkvæmdastjórnin er sammála því að líklegt sé að fast varðbælti geri það auðveldara að fara að takmörkuninni og að framfylgja henni. Því ætti takmörkunin um að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni ekki eingöngu að gilda í votlendi heldur einnig í föstu varðbælti umhverfis votlendi sem er skilgreint megindlega. Að teknu tilliti til þess að tryggja þarf meðalhóf ætti að fastsetja stærð fasta varðbæltisins við 100 metra umhverfis votlendi.

<sup>(5)</sup> <https://echa.europa.eu/documents/10162/b092e670-3266-fb5d-6296-544eaccb5d4a>

- 21) Í ljósi þess ávinnings fyrir framfylgdina og skilvirkni takmörkunarinnar sem leiðir af því að þurfa ekki að standa veiðimenn að verki við að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni telur framkvæmdastjórnin rétt að beita takmörkuninni ekki eingöngu á það að hafa meðferðis skotfæri úr blýi í votlendi heldur einnig á það að hafa þau meðferðis á fasta varðbeltinu umhverfis votlendið.
- 22) Þar eð skotfæri eru almennt ekki hönnuð eða sett á markað sérstaklega eða eingöngu til notkunar í eða umhverfis votlendi kemur takmörkun á setningu skotfæra úr blýi á markað til með að hafa áhrif á skotveiðar á öllum landsvæðum. Þess vegna ætti takmörkunin að takmarkast við það að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni og hafa þau meðferðis.
- 23) Takmörkunin ætti að gilda um skotfæri sem innihalda blý í styrk sem er jafn eða meiri en 1%. Í Bandaríkjunum er 1% styrkleikamörkum beitt að því er varðar samþykkisferli fyrir „óeitruð“ skotfæri til að koma í veg fyrir umtalsverða hættu á eiturhrifum fyrir farfugla og aðrar villtar lífverur eða búsvæði þeirra. Enn fremur teljast styrkleikamörk sem nema 1% fyrir takmörkunina vera nægileg til að bregðast við þeirri áhættu sem skotfæraefni, sem inniheldur blý, hefur í för með sér og einnig geta framleiðendur annars konar skotfæra auðveldlega farið eftir þeim þar eð líklegt er að sumir þessara staðgöngukosta innihaldi blý sem óhreinindi.
- 24) Rétt þykir að endurspegla skilgreininguna á „votlendi“, sem er notuð í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar-samþykktin) sem var undirrituð 2. febrúar 1971 í Ramsar, að því er varðar takmörkunina, eins og Efnastofnunin lagði til og staðfest var í álitum áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, þar eð sú skilgreining er yfirgripsmikil og nær yfir allar tegundir votlendis (þ.m.t. mómýrar þar sem marga vatnafugla er einnig að finna) og þar eð flokkunarkerfi fyrir votlendistegundir hefur einnig verið þróað í Ramsar-samþykktinni til að aðstoða við greiningu á votlendi.
- 25) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að takmörkuninni og aðildarríkin ættu að fá nægan tíma til að búa sig undir að framfylgja henni. Að teknu tilliti til skoðana sem áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu létu í ljós, að því er varðar hvort styttra tímabil en árin þrjú sem Efnastofnunin lagði til sé hagkvæmt og viðeigandi og einkum að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa á hverju ári sem stafa af því að fá meira blý í votlendi vegna notkunar á skotfærum úr blýi, ætti að fresta beitingu takmörkunarinnar um 24 mánuði.
- 26) Í september 2018 birti Efnastofnunin niðurstöður úr rannsóknarskýrslu<sup>(6)</sup> þar sem farið var yfir fyrirliggjandi upplýsingar um margs konar notkun á blýi, þ.m.t. meðal annars í skotfæri sem eru notuð á landsvæðum utan votlendis, nánar tiltekið umhverfi á landi. Þar eð m.a. var komist að þeirri niðurstöðu í rannsóknarskýrslunni að fyrirliggjandi upplýsingar bentu til þess að notkun skotfæra úr blýi í umhverfi á landi skapi áhættu, bæði fyrir heilbrigði manna og umhverfið, óskaði framkvæmdastjórnin eftir því á árinu 2019 að Efnastofnunin tæki saman málsskjöl skv. XV. viðauka með það fyrir augum að takmarka mögulega setningu blýs á markað og notkun þess í skotfæri og útbúnað til fiskveiða<sup>(7)</sup>.
- 27) Í álitum sínum á málsskjölunum skv. XV. viðauka um notkun blýs í skotfæri til skotveiða í votlendi greindu áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu enn fremur frá því að þær væru sammála þeirri skoðun Efnastofnunarinnar að bann við setningu skotfæra úr blýi á markað og notkun þeirra á öllum landsvæðum hefði í för með sér meiri umhverfisvernd og yrði skilvirkara með tilliti til hagkvæmni og framfylgjanleika.
- 28) Í sumum aðildarríkjum getur takmörkunin, sem innleidd er með þessari reglugerð, leitt til tiltekinna erfiðleika vegna sérstakra landfræðilegra skilyrða í þessum aðildarríkjum. Að því er varðar aðildarríki sem eru með umtalsvert hlutfall votlendis á yfirráðasvæði sínu gæti bann við því að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni og hafa þau meðferðis í og umhverfis votlendi í raun haft svipuð áhrif og alhliða bann við öllum skotveiðum á öllu yfirráðasvæðinu þar eð veiðimenn af öllum toga halda sig oft og nánast óhjákvæmilega í eða í grennd við votlendi. Enn fremur mega tilföng, sem þyrfti til að framfylgja takmörkun sem miðast eingöngu við svæði í og umhverfis votlendi, ekki vera mikið minni, og mættu vel verið meiri, en þau tilföng sem þarf til að framfylgja takmörkun sem nær yfir yfirráðasvæði þeirra í heild sinni.

<sup>(6)</sup> [https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/lead\\_ammunition\\_investigation\\_report\\_en.pdf/efdc0ae4-c7be-ee71-48a3-bb8abe20374a](https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/lead_ammunition_investigation_report_en.pdf/efdc0ae4-c7be-ee71-48a3-bb8abe20374a)

<sup>(7)</sup> [https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/rest\\_lead\\_ammunition\\_COM\\_request\\_en.pdf/f607c957-807a-3b7c-07ae-011151001d939](https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/rest_lead_ammunition_COM_request_en.pdf/f607c957-807a-3b7c-07ae-011151001d939)

- 29) Í ljósi erfiðleikanna sem lýst er, að ráðstöfunin þarf ekki einungis að vera skilvirk heldur einnig einföld og sanngjörn fyrir veiðisamfélagið í heild sinni og einnig í ljósi niðurstaðnanna úr rannsóknarskýrslu Efnastofnunarinnar og skoðana áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu telur framkvæmdastjórnin að veita eigi þeim aðildarríkjum þar sem líklegt er að slíkir erfiðleikar komi upp þann möguleika að setja öðruvísi takmörkun á yfirráðasvæði þeirra þar sem bæði yrði bannað að setja skotfæri úr blýi á markað og að skjóta skotfærum úr blýi úr skotvopni og hafa þau meðferðis á öllu yfirráðasvæði þeirra, hvort heldur sem er í votlendi eða annars staðar, í tengslum við allar tegundir skotveiða.
- 30) Í þágu réttarvissu er mikilvægt að tilgreina skýrt þau aðildarríki sem eiga að vera hæf til að nýta sér þennan möguleika. Möguleikinn ætti að standa þeim aðildarríkjum til boða þar sem a.m.k. 20% af yfirráðasvæðinu eru votlendissvæði. Viðmiðunarmörk sem nema 20% ættu að ná yfir þau aðildarríki þar sem líklegt er að upp komi erfiðleikar vegna sérstakra landfræðilegra skilyrða.
- 31) Þar eð takmörkunin sem þessi aðildarríki gætu sett yrði strangari en sú sem takmarkast við svæði í og umhverfis votlendi þykir rétt að fastsetja lengra tímabil til að innleiða þá takmörkun. Þetta tímabil ætti að fastsetja við 36 mánuði sem samsvarar tímabilinu sem Efnastofnunin lagði upphaflega til í málsskjöllum skv. XV. viðauka.
- 32) Af ástæðum sem varða gagnsæi og réttarvissu ætti aðildarríkjum, sem nýta möguleikann, að vera skylt að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína og að tilkynna um ráðstafanir sem þau hafa samþykkt til að koma honum í framkvæmd innan tiltekins frests og framkvæmdastjórnin ætti án tafar að gera tilkynningarnar um fyrirætlunina, sem og texta samþykktra landsráðstafana, aðgengileg öllum.
- 33) Í nokkrum aðildarríkjum eru landsákvæði fyrir hendi sem banna eða takmarka blý í skotfæri til að vernda umhverfið eða heilbrigði manna á strangari hátt en mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Það að þvinga þessi aðildarríki til að draga úr núverandi verndarstigi til að fara að þessari reglugerð gæti leitt til aukinnar notkunar á blýi í skotfæri í þessum aðildarríkjum. Slík útkoma myndi ekki samrýmast því öflugra verndarstigi sem krafist er skv. 3. mgr. 114. gr. sáttmálans. Því ætti aðildarríkjum að vera heimilt að viðhalda slíkum strangari ákvæðum.
- 34) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 35) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Eftirfarandi liðum er bætt við í öðrum dálki í færslu 63 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006:

	<p>„11. Eftir 15. febrúar 2023 er eftirfarandi athæfi bannað í votlendi eða innan 100 metra frá því:</p> <p>a) að skjóta úr skotvopni skotfærum sem innihalda blý (gefið upp sem málmur) í styrk sem er jafn eða meiri en 1% miðað við þyngd,</p> <p>b) að hafa meðferðis slík skotfæri við skotveiðar í votlendi eða á leiðinni til eða frá skotveiðum í votlendi.</p> <p>Að því er varðar fyrsta undirlið:</p> <p>a) „innan 100 metra frá votlendi“: innan 100 metra frá ytri mörkum votlendis,</p> <p>b) „skotveiðar í votlendi“: skotveiðar í votlendi eða innan 100 metra frá því,</p> <p>c) ef einstaklingur reynist hafa meðferðis skotfæri í votlendi eða innan 100 metra frá því meðan viðkomandi er á skotveiðum eða á leiðinni til eða frá skotveiðum skal líta á viðkomandi skotveiðar sem skotveiðar í votlendi nema einstaklingurinn geti sýnt fram á að skotveiðarnar hafi verið af öðrum toga.</p> <p>Takmörkunin, sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlið, gildir ekki í aðildarríki ef viðkomandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um það, í samræmi við 12. lið., að það ætli sér að nýta möguleikann sem veittur er með þeim lið.</p> <p>12. Ef a.m.k. 20% af heildaryfirráðasvæði aðildarríkis er votlendi, að undanskilinni landhelgi, er aðildarríkinu heimilt, í staðinn fyrir takmörkunina sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlið 11. liðar, að banna eftirfarandi athæfi á öllu yfirráðasvæði sínu frá 15. febrúar 2024:</p> <p>a) að setja á markað skotfæri sem innihalda blý (gefið upp sem málmur) í styrk sem er jafn eða meiri en 1% miðað við þyngd,</p> <p>b) að skjóta slíkum skotfærum úr skotvopni,</p> <p>c) að hafa meðferðis slík skotfæri á skotveiðum eða á leiðinni til eða frá skotveiðum.</p> <p>Sérhvert aðildarríki sem ætlar sér að nýta möguleikann sem veittur er með fyrsta undirlið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þessa fyrirætlun eigi síðar en 15. ágúst 2021. Aðildarríkið skal án tafar senda framkvæmdastjórninni texta þeirra landsráðstafana sem það hefur samþykkt og eigi síðar en 15. ágúst 2023. Framkvæmdastjórnin skal án tafar gera allar slíkar tilkynningar um fyrirætlun og texta landsráðstafana, sem henni hafa borist, aðgengileg öllum.</p> <p>13. Að því er varðar 11. og 12. lið:</p> <p>a) „votlendi“: svæði flæðilands, starmýrar, mómýrar eða vatns, hvort sem þau eru náttúruleg eða manngerð, viðvarandi eða tímabundin, með vatni sem er kyrrt eða streymir, er ferskt, ísalt eða salt, þ.m.t. svæði með sjó þar sem dýptin er ekki meiri en 6 metrar við lágflæði,</p> <p>b) „skotfæri“: haglaskot sem eru notuð eða ætluð til notkunar í eina hleðslu eða skothylki í haglabyssu,</p> <p>c) „haglabyssu“: byssa með órifflluðu hlaupi, að undanskildum loftbyssum,</p> <p>d) „skotveiðar“: allar skotveiðar með haglabyssu,</p> <p>e) „meðferðis“: þegar einstaklingur er með á sér eða með meðferðis eða flytur á annan hátt,</p> <p>f) við að ákvarða hvort einstaklingur sem reynist hafa skotfæri á sér hafi skotfæri meðferðis „á leiðinni til eða frá skotveiðum“:</p> <p>i. skal taka tillit til allra aðstæðna í hverju tilviki,</p> <p>ii. þarf einstaklingurinn sem reynist hafa skotfæri á sér ekki endilega að vera sami einstaklingurinn og sá sem skýtur.</p>
--	---

	<p>14. Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda landsákvæðum til að vernda umhverfið eða heilbrigði manna, sem voru í gildi 15. febrúar 2021, og að takmarka blý í skotfæri á strangari hátt en kveðið er á um í 11. lið.</p> <p>Aðildarríkið skal án tafar senda framkvæmdastjórninni texta þessara landsákvæða. Framkvæmdastjórnin skal án tafar gera alla slíka texta landsráðstafana, sem henni hafa borist, aðgengilega öllum.“</p>
--	--